

Alþingi
Erindi nr. P 127/849
komudagur 25.2.2002



Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs
The Commerce and Tourism Office
of Eyjafjörður Area

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 25. febrúar 2002

Erindi: Frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál

Að beiðni Sjávarútvegsnefndar Alþingi hefur Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar yfirfarið frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar.

Við fögnum framkomnu frumvarpi en áttum okkur ekki á því hvort um sé að ræða breytingu sem leiðir til þess að allt fiskeldi verði undir eftirliti og stjórn Sjávarútvegsráðuneytisins. En allt tal í frumvarpinu um nefnd, sem skipuð er af Landbúnaðarráðherra, bendir til þess að málefni fiskeldis munu áfram þvælast milli ráðuneyta sem ekki er málefnum fiskeldis til framdráttar.

Í frumvarpinu kemur fram að Fiskistofa skuli innheimta eftirlitsgjald og er það vel. Við teljum hinsvegar að mikilvægt sé að leyfisgjald verði greitt fyrir afnot af auðlindinni. Þetta er þekkt í nágrannalöndum okkar og því fyrr því betra.

Kveða þarf á með skýrum hætti hvort erlend eignaraðild að eldi nytjastofna verði heimiluð hér á landi eða hvort því verði hafnað eins og um eignaraðild útlendinga í sjávarútvegsfyrirtækjum. Ef við ætlum að vera í forustu í eldi nytjastofna þarf aðgang að fjármagni. Erlend fjárfesting er sennilega áhugaverðust í sjávarútvegi og greinum tengdum honum eins og fiskeldi.

Virðingarfyllt
F.h. Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar

Benedikt Guðmundsson
Forstöðumaður
Þróunarsviðs AFE



Bygðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 127/897
komudagur 26.2.2002

Dagsetning
25. febrúar 2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um mál 333, frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur mikilvægt að reynt verði að skapa jafnvægi milli atvinnuuppbyggingar sem eldi sjávardýra getur leitt af sér og atvinnuuppbyggingar sem tengist nýtingu á villtum nytjastofnum. Bygðastofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að því gefnu að kveðið verði á um nánari útfærslur í reglugerð og leyfisreglum sem gilda um slíkt eldi.

Virðingarfyllst

Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Próunarsviðs

Guðmundur Guðmundsson
ráðgjafi



Alþingi
Erindi nr. P 127/900
komudagur 26.2.2002
Keldum, 25. febrúar 2002

Sjávarútvegsdeild Alþingis
c/o Ágúst Geir Ágústsson
Alþingi
150 Reykjavík

UMSÖGN

MÁLEFNI: Frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál

Vísað er í bréf sjávarútvegsnefndar Alþingis, dags. 12. febrúar sl, þar sem farið er fram á umsögn undirritaðs vegna ofangreinds frumvarps sem skal endurflutt á yfirstandandi vorþingi.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að benda á umsögn fisksjúkdómanefndar, dags. 25. febrúar 2002, þar sem fram koma öll þau sjónarmið sem ég hefði helst vilja koma á framfæri við sjávarútvegsnefnd vegna þessa frumvarps.

Virðingarfyllst;


Gísli Jónsson



Alþingi
Erindi nr. P 127/850
komudagur 25.2.2002

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 22. febrúar 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá sjávarútvegsnefnd Alþingis frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál.

Stjórn Eyþings gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

FISKSJÚKDÓMANEFND

Form. Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir
Sigurður Ingvarsson, forstöðumaður Keldna
Árni Ísaksson, Veidimálastjóri

Reykjavík, 25. febrúar 2002
Alþingi

Erindi nr. P 127/901

komudagur 26.2.2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
bt. Ágúst Geirs Ágústssonar
Alþingi
150 Reykjavík

UMSÖGN

Málefni: Endurflutt frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál


Með vísan til bréfs sjávarútvegsnefndar Alþingis, dags. 12. febrúar sl., hefur fisksjúkdómanefnd á fundi sínum þann 22. febrúar sl. tekið til umsagnar endurflutt frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál.

Við yfirllestur frumvarpsins með þeim breytingum sem gerðar voru eftir frumflutning málsins vorið 2001 kemur í ljós að ekki hefur verið tekið tillit til sjónarmiða fisksjúkdómanefndar, sbr. athugasemdir í bréfi dags. 12. mars 2001. Nefndin vill leyfa sér að endurtaka og áréttta nokkrar af þeim athugasemdum sem þar komu fram. Fisksjúkdómanefnd er á einu máli um að til lengri tíma litið sé æskilegt að ein löggjöf gildi um fiskeldi í landinu og telur ekki heppilegt að kljúfa forræði eldisgreinarinnar til tveggja ráðuneyta, háð því hvaða tegund er alin hverju sinni. Nefndin tekur ekki afstöðu til heimvistunar fiskeldisgreinarinnar en hvetur til þess að samræmi og skynsemi sé höfð að leiðarljósi í takt við nútíma stjórnsýslu. Á það skal þó bent að við eftirlit með fiskeldi er mikill styrkur og hagræðing fólgin í að gagnasöfnun sé á sömu hendi og telur nefndin mikilvægt að áunnin reynsla og fagleg færni nýtist fiskeldi í heild sinni í stað þess að dreifa kröftunum. Eftirlit Fiskistofu með eldi sjávarfiska er þannig augljósleg tvítekning, þar sem eftirlit með fiskeldisstöðvum er á hendi embættis veiðimálastjóra, skv. lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með seinni breytingum. Í athugasemdum við frumvarpið (bls. 3) er bent á að núgildandi ákvæði í fiskeldiskafla lax- og silungsveiðilaganna taki einungis til ferskvatnsfiska. Að mati fisksjúkdómanefndar er þetta ekki allsendis rétt. Í lax- og silungsveiðilögum segir í 68. grein: „Eldi annarra lagardýra í kvía og strandeldi skal hlíta sömu reglum og eldi vatnafiska eftir því sem unnt er.“ Skv. skilgreiningu núgildandi laga nær ákvæðið yfir öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni, þ.m.t. nytjastofna sjávar. Í núgildandi lögum er þó ekki tekið á sjávargróðri líkt og nefnt er í 2. grein frumvarpsins um eldi nytjastofna sjávar.

Ef frumvarp þetta verður að lögum er hvatt til þess að fisksjúkdómanefnd verði þar virkur stjórnsýsluaðili, með sama hætti og í lögum nr. 76/1970. Þá þykir óeðlilegt að fulltrúar stjórnsýslu sem koma að veitingu rekstrarleyfa, þ.e. Fiskistofu og veiðimálastjóra, eigi ekki beina aðild að fiskeldisnefnd.

Í lokin vill fisksjúkdómanefnd koma þeirri ósk á framfæri að hún fái fund með sjávarútvegsnefnd áður en frumvarpið verður endanlega afgreitt til endurflutnings á hinu háa Alþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. fisksjúkdómanefndar;


Ósli Jónsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. P 127/955

komudagur 1.3.2002

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.02.2002

Tilv. 24

JS/sv

Málefni: Frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál, 127. löggj.þing

Vísað er í erindi sjávarútvegsnefndar dags. 12. febrúar 2002 varðandi ofangreint málefni.

Hafrannsóknastofnunin mælir með gildistöku þessa frumvarps til laga, enda með því skapaður nauðsynlegur lagarammi fyrir atvinnugrein í örri þróun. Hér er tilkoma fiskeldisnefndar afar mikilvæg varðandi samræmingu og skipulag fiskeldisstarfsemi. Stofnunin telur þó athugunarvert hvort ekki sé eðlilegast og hagkvæmast að einn aðili sjái um leyfisveitingar og eftirlit með öllu eldi hér á landi (bæði eldi ferskvatnsfiska og eldi nytjastofna sjávar) en ekki tveir aðilar, Fiskistofa og embætti Veiðimálastjóra, eins og hér er ráð fyrir gert.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

552-0240

Póstfax:

562-3790

Heimasíða:

<http://www.hafro.is/>
hafro/sjalf.html

Tölvupóstfang:

librarian@hafro.is



Alþingi
Erindi nr. P 127/919
komudagur 27.2.2002

Hollustuvernd ríkisins

ENVIRONMENTAL AND FOOD AGENCY
OF ICELAND

Sjávarútvegsnefnd
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 26. febrúar 2002
HJ 0202 004/110-0
HVR020020077

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar. Mál 333.

Við er í erindi sjávarútvegsnefndar Alþingis dagsett 12. febrúar s.l. þar sem nefndin óskar umsagnar Hollustuverndar ríkisins um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar. Stofnunin hefur kynnt sér frumvarpið og hefur nokkrar athugasemdir við það. Verður fyrst fjallað um það almennt en eftir það eru athugasemdir við einstakar greinar settar fram í röð.

Almennt:

Hollustuvernd ríkisins telur mikilvægt að starfsemi sem getur haft áhrif á umhverfi lúti skýrum og einföldum reglum, svo unnt sé að draga úr eins og kostur er hugsanlegum neikvæðum áhrifum starfseminnar.

Hollustuvernd ríkisins telur æskilegt að lagaumhverfi og framkvæmd gagnvart fyrirtækjunum bæði hvað varðar útgáfu leyfa og eftirlit sé með sem samræmdustum hætti. Til dæmis kæmi til álita að löggjafinn heimilaði að vinna mætti starfsleyfi og rekstrarleyfi saman á sama hátt og heimilt er að vinna að mati á umhverfisáhrifum og starfsleyfi samtímis (Lög 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum).

Hollustuvernd ríkisins telur að það skorti á að slíkrar samræmingar sé gætt í ofangreindu frumvarpi, og hvetur til þess að frumvarpið verði endurskoðað í þessu skyni.

Athugasemdir um einstakar greinar

Um 3. gr. frumvarpsins.

Hollustuvernd vekur athygli á að rekstrarleyfi án starfsleyfis gefur ekki rétt til að hefja rekstur og að í lögum 7/98 um heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim er gerð krafa um starfsleyfi. Gildandi lagakröfur eru því skýrar hvað að varðar að ekki er unnt að hefja rekstur nema að framkvæmdaraðili sé bæði með rekstrar- og starfsleyfi. Í frumvarpinu er þessa hvergi getið. Stofnunin telur að gæta þurfi fyllsta samræmis milli starfsleyfis og rekstrarleyfis þannig að rekstrarleyfi taki til atvinnurekstri sem ekki er gert ráð fyrir í starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur sbr. lög nr. 7/1998 um heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir. Stofnunin bendir á að t.d. samræmdur gildistími starfsleyfis og rekstrarleyfis sé til hagsbóta fyrir alla aðila. Hvað starfsleyfi varðar þá eru þau gefinn út til tiltekins tíma og endurskoðuð á 4. ára fresti.

Office address:

Ármúla 1a
108 Reykjavík

Postal address:

P.O. Box: 8080
IS-128 Reykjavík

Telephone:

+ 354-585 1000

Telefax:

+ 354-585 1010

Internet:

www.hollver.is

Kennitala:


490882-0149

Um 4. gr. frumvarpsins fjallar um fiskeldisnefnd. Í fiskeldisnefnd eiga sæti fjórir menn en enginn fulltrúi umhverfisyfirvalda, sem þó veita starfseminni starfsleyfi. Væntanlega er hugmyndin með nefndaskipaninni að reyna að tryggja samráð hinna mismunandi aðila sem koma að málum og framkvæma eftirlit. Hollustuvernd ríkisins bendir á að leið að sama marki væri að lögbjóða þeim stofnunum sem eiga að koma að málum að hafa samráð líkt og gert er í lögum 32/86 og jafnvel má ganga enn lengra og skylda stofnanir þessar að gera með sér verklagsreglur um framkvæmd og eftirlit. Kjósi Alþingi að skipa slíka samráðsnefnd bendir Hollustuvernd ríkisins á mikilvægi þess að fiskeldisnefnd sé einnig skipuð fulltrúum umhverfisyfirvalda.

Um 5. gr. sem fjallar um eftirlit með þessum lögum er kveðið á að fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annist eftirlit með framkvæmd laga þessar. Hollustuvernd ríkisins bendir á að eldisstöð verður að hafa gilt starfsleyfi til að mega starfa og því æskilegt að eftirlit samkvæmt starfsleyfi og eftirlit samkvæmt rekstrarleyfi séu samræmd eins og kostur er. Stofnun telur að i frumvarpinu ætti að kveða á um samræmingu eftirlits. Hægt væri að útfæra slíkt í reglugerð ef tryggð er aðkoma viðkomandi yfirvalda þ.m.t. umhverfisyfirvalda.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilsson
Forstjóri


Helgi Jónsson
Forstöðumaður mengunarvarnarsviðs



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/936
komudagur 27.2.2002

HÓLASKÓLI HÓLUM Í HJALTADAL 551 Sauðárkrókur Sími: 453-6300
Fax: 453-6301 Vefsíða: www.holar.is Netfang: holar@holar.is

Hólar, 25. febrúar, 2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál

Þar eð fiskeldisframleiðsla mun vaxa hröðum skrefum á næstu árum er mikilvægt að settur verði lagalegur og stjórnsýslulegur rammi fyrir atvinnuvegin. Einn þáttur í því er að tilnefna það ráðuneyti, sem á að hafa yfirumsjón mála er varða fiskeldi. Augljóslega munu þó fleiri ráðuneyti koma að málinu, því landbúnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og umhverfissráðuneyti fjalla öll með beinum hætti um málefni fiskeldis.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að bæði landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti hafi yfirumsjón með málefnum fiskeldis. Þetta er afar óheppilegt fyrirkomulag. Það er mun eðlilegra að fela einu ráðuneyti alla yfirstjórn fiskeldis, en tryggja jafnframt aðkomu annarra ráðuneyta að málinu. Með þessu verður stjórnun á fiskeldi skilvirkari og koma má í veg fyrir óvissu um það hver eigi að fjalla um mál mismunandi fiskeldistegunda. Það er enginn eðlismunur á eldi vatnafiska og þeirra tegunda sem í frumvarpinu eru nefndar nytjastofnar sjávar. Þannig verður ekki séð að nein gild rök hnígi að því að laxeldi í kvíum í sjó heyri undir annað ráðuneyti en kvíaeldi á þorski. Sennilegt er, að hér á landi verði í framtíðinni aldar tegundir annars staðar að úr heiminum eins og barri og tilapia. Barri er sjávarfiskur, þó engan veginn sé hægt að telja hann til nytjastofna sjávar við Ísland. Samkvæmt frumvarpinu ætti barri sennilega að heyra undir sjávarútvegsráðuneytið. Tilapia er, líkt og barri, alin í kerjum á landi, en hún er vatnafiskur og myndi þess vegna falla undir landbúnaðarráðuneytið. Það er engin ástæða til þess að sitt hvort ráðuneytið fjalli um málefni þessara tegunda. Þvert á móti tel ég að það séu hagsmunir fiskeldis að það sé eitt ráðuneyti sem hafi yfirumsjón með málefnum greinarinnar allrar.

Samanlögð framleiðsla þeirra tegunda sem teljast til "nytjastofna sjávar" er minni en 150 tonn á ári og innan við 5% af heildarfiskeldisframleiðslu Íslendinga. Það er einnig fyrirsjáanlegt að "nytjastofnar sjávar" munu ekki verða stærri hluti af fiskeldisframleiðslu Íslendinga á næstu 5-10 árum. Þess vegna virðist augljóst að fela beri landbúnaðarráðuneyti yfirstjórn yfir fiskeldi fyrst um sinn.

Virðingarfyllt

Helgi Thorarensen
Deildarstjóri fiskeldisbrautar Hólaskóla
Hólar Hjaltadal
551 Sauðárkrókur

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS.



HAFNARHVOLI, TRYGGVAGÖTU 11 · P.O.BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL. 354-550 9500 · TELEFAX 354-550 9501

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127 / 1472
komudagur 26. 3 2002

Reykjavík, 22. mars 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar (333. mál)

Eldi nytjastofna sjávar er þegar hafið hjá nokkrum fyrirtækjum og er þess vænst að talsverður vöxtur geti orðið í þessari atvinnugrein á næstu árum. Því er tímabært að setja þessari starfsemi lagaramma.

Markmiðið skv. 1.gr. frumvarpsins er að stuðla að ábyrgu eldi nytjastofna og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna, segir þar enn fremur. Samtökin taka undir þessi sjónarmið. Í ljósi þessara sjónarmiða er eðlilegt að sjávarútvegsráðherra fari með yfirstjórn allra mála er varða eldi nytjastofna sjávar, eins og kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins

Í 4. gr. er mælt fyrir um skipan fiskeldisnefndar sem skal vera til ráðgjafar og stefnumótunar um eldi vatnafiska og nytjastofna bæði á landi og í sjó og fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt lögum. Samtökin telja mikilvægt að tryggt sé að atvinnugreinin eigi ávallt fulltrúa í Fiskeldisnefnd.

Samtökin telja að lagarammi um eldi nytjastofna sjávar væri til bóta og mæla með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson



LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

KLAPPARSTÍG 27 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 552 7922
PÓSTFAX 562-6590

Alþingi
Erindi nr. P 127/898
komudagur 26.2.2002

25. febrúar 2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Einar K. Guðfinnsson formaður

Efni: Umsögn um mál nr. 333,
Frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar.

Landssamband smábátaeigenda (LS) fagnar framkomnu frumvarpi.
Markmið þess fellur vel að því sem LS hefur boðað þ.e. að vernda vistkerfi sjávar fyrir öllum utanaðkomandi öflum. Er hér átt við það sem frumvarpið kveður á um, ekki síst óæskilega blöndun og hættu á smitsjúkdómum frá því sem fyrirhuguð ræktun, eldi, gæti haft í för með sér.

Virðingarfyllt
fh. Landssambands smábátaeigenda


Örn Pálsson framkvæmdastjóri



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bolholt 6 • 105 Reykjavík • Sími 553 1510 • Símbref 568 4363 • www.angling.is • info@angling.is

Alþingi

Erindi nr. P 127/852

komudagur 25.2.2002

Reykjavík, 20. febrúar, 2002

Nefndarsvið Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar þskj. 424

Landssamband veiðifélaga vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri vegna framkomins frumvarps um eldi nytjastofna sjávar.

1. Orðalag frumvarpsins er ónákvæmt. Þegar litið er til hliðstæðra laga t.d. laga um lax og silungsveiði er t.d. ljóst að ekki eru notuð sömu orð til að skilgreina laxfiska. Þar er talað um vatnafiska en í fyrirbyggjandi frumvarpi er talað um ferskvatnsfiska. Þá er í 1. gr. frumvarpsins talað um villta nytjastofna án frekari skilgreiningar. LV telur nauðsynlegt að orðskýringar fylgi frumvarpinu til að koma í veg fyrir ágreining, og jafnvel mögulega mistúlkun á hugtökum er lögin skulu taka til.
2. Lög um eldi sjávar eða vatnafiska miða að mestu að því að koma í veg fyrir að eldið skaði eða mengi umhverfið og stuðla þannig að verndun lífríkis í sjó, ám og vötnum sbr. 1. gr. hins framkomna frumvarps. Ljóst er að sníkjudýr og sjúkdómar í eldisstöð geta haft neikvæð áhrif á viðgang laxastofna ef staðsetning er nálægt ósi laxveiðiáa. Þá er óviðunandi að eldisstöð mengi ósasvæði með úrgangi. LV telur með hliðsjón af framansögðu að í frumvarpið vanti ákvæði um friðunarsvæði þar sem bannað er að starfrækja eldisstöðvar líkt og finna má í 77. gr. l. nr. 76/1970 með síðari breytingum. Slíkar takmarkanir á staðsetningu eldisstöðva geta t.d. falið í að krefja yrði gerð um lágmarks fjarlægð frá veiðivatni (ós veiðiár) að eldisstöð. Eðlilegt er að ráðherra sé gert skylt að setja slík ákvæði í reglugerð að höfðu samráði við veiðiréttareigendur.
3. Að lokum er vill LV hvetja til þess að frumvarpið í heild sinni taki meira mið af 1. gr. þess. Til að svo megi verða þarf að fjalla með ýtarlegri hætti um sambýli eldis og lífríkisins en nú er gert.

Landssamband veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson formaður.



Nefndasvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

25. febrúar 2002
Snr. 004/TB

Efni: Frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar

Vísað er í bréf frá sjávarútvegsnefnd Alþingis, dags. 12. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruvernd ríkisins um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál.

Umfang athugasemda stofnunarinnar miðast við að allsherjarendurskoðun fari fram á sviði framangreinds frumvarps eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið. Náttúruvernd ríkisins telur eðlilegt að bætt sé við bráðabirgðaákvæði þar sem gert ráð fyrir að endurskoðun sé lokið innan ákveðins tíma s.s. þriggja ára.


Í framangreindu frumvarpi er í lagatexta ekki minnst á eða tekin afstaða til notkunar erfðabreyttra nytjastofna eða verndunar líffræðilegrar fjölbreytni. Í greinagerð með frumvarpinu, sjá um 3. gr., er fjallað um að í reglugerð eigi að tilgreina viðmið varðandi stærð stöðvar, eldisrými, framleiðslugetu og önnur vistfræðileg og sjúkdómsskyld sjónarmið. Nú hefur verið bætt í lagatexta 3. greinar, frá fyrra frumvarpi sama efnis, að skila skuli inn upplýsingum um framangreind atriði sem og stöðu gagnvart mati á umhverfisáhrifum og er það mjög til bóta. Það er tvímælalaust til batnaðar að framvegis sé þessum málum komið í einhvern farveg en eðlilegt væri að aðlaga lögina að kröfum sem gerðar eru til þátta er varða erfðabreyttar lífverur og verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Sérstök ástæða er til að fara varlega í þessum efnum bæði vegna almennrar verndunar og að um getur verið að ræða eldi tegunda eins og þorsks sem eru meðal mestu nytjastofna landsins.

Í frumvarpinu er eingöngu fjallað um nytjastofna og lífríki þeirra, eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. laganna. Markmið laganna er því fyrst og fremst að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra. Mun eðlilegra væri að markmið laganna væri að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á lífríki sjávar almennt þó að í lögnum sé sérstaklega bent á nauðsyn á sjálfbærri nýtingu villtra nytjastofna.

Náttúruvernd ríkisins vill benda á að með samþykkt laga um náttúruvernd nr. 44/1999 var gildissvið náttúruverndarlaga útvíkkað og gilda þau nú á íslensku landi og í landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Lögina breyta þó engu í ákvæðum annarra laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum til lands og sjávar. Það er eðlilegt að Náttúruvernd ríkisins sé umsagnaraðili sbr. 3. gr. frumvarpsins. Það hefur margoft komið fram að aðrar stofnanir t.d. eins og Hollustuvernd ríkisins veita ekki umsagnir út fyrir sitt svið í þessu tilfalli mengunarsvið. Engin þeirra stofnana sem eru taldar upp sem umsagnaraðilar gæta hagsmuna almennrar náttúru- og umhverfisverndar í víðum skilningi og ber því að leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins.

Náttúruvernd ríkisins vill benda á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskistofa gefi út rekstrarleyfi og hafi eftirlit með starfsemi stöðvanna hvað fiskeldislega þætti varðar. Mikil umræða hefur verið um sjókvíaeldi á Íslandi undanfarin misseri. Oft hefur verið um að ræða þorskeldi og laxeldi í sama firði t.d. Eyjafirði og má gera ráð fyrir að umhverfisþættir séu svipaðir fyrir bæði eldin. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskistofa fái það hlutverk að hafa eftirlit með og gefa út rekstrarleyfi fyrir eldi nytjastofna sjávar. Með þessu virðist sem að um verði að ræða tvöfalt kerfi er snýr að eftirliti og útgáfu rekstrarleyfa annars vegar fyrir nytjastofna sjávar og hins vegar fyrir ferskvatnsfisk.

Virðingarfyllst,




Árni Bragason
forstjóri



Trausti Baldursson
sviðsstjóri

Afrit: Umhverfissráðuneytið

Alþingi
Erindi nr. P 127/992
komudagur 5.3.2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 1. mars 2002.

Nefndarsvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Varðar umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál.

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 28. febrúar s.l., var tekið fyrir erindi yðar dags. 12. febrúar 2002 ásamt frumvarpi til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórn S.S.S. gerir ekki athugasemd við frumvarpið”.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

Selfossi, 22. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1471
komudagur 25.3.2002

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 20. mars sl., voru eftirfarandi þeingmál frá Alþingi tekin til umsagnar:

Eftirfarandi umsagnir voru samþykktar:


- a. Frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál.
Ekki eru gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.
- b. Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þorskeldi, 56. mál.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.
- c. Tillaga til þingsályktunar um áfallahjálp innan sveitarfélaga, 141. mál.
Stjórn SASS tekur er undir meginhugmynd tillögunnar en telur eðlilegt að umsjón með skipulegri áfallahjálp verði falin heilsugæslustöðunum.
- d. Frumvarp til laga um eldi nytjastofna, 333. mál.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.
- e. Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.
Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.
- f. Tillaga til þingsályktunar um flutning verkefna frá stjórnarsýslustofnunum til sýslumannsembætta á landsbyggðinni, 488. mál.
Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.
- g. Tillaga til þingsályktunar um aukaping Alþingis um byggðamál, 24. mál.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.
- h. Frumvarp til umferðarlaga, 140. mál, hægri beygja á móti rauðu ljósi.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.



- i. Frumvörp til laga um fjárreiður ríkisins, 26. mál, fjáráukalög, og 28. mál fjáráukalög 2001.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpanna.
- j. Tillögu til þingsályktunar um sjóðandi lághitasvæði, 192. mál.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.
- k. Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.

Umsögnunum er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/853
komudagur 25. 2. 2002

Minnisblað til sjávarútvegsnefndar Alþingis tekið saman í framhaldi fundar þriðjudaginn 19. febrúar 2002.

Efni: Áhrif laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, lög nr. 34/1991 með síðari breytingum, og um stöðu fiskeldis í Færeyjum.

333. mál, eldi nýttjastofna sjávar.

Í ljósi þess að fiskeldi; klak, seiðaeldi og matfiskeldi, er óháð nytjum á veiðistofnum sjávar eiga ákvæði laga nr. 34/1991 sem takmarka heimild erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnugreininni ekki við.

Fiskeldi í Færeyjum er fyrst og fremst eldi á laxi sem að mestu er byggt á norskri þekkingu enda eru norsk fyrirtæki stórir eigendur þess laxeldis sem fram fer við eyjarnar. Framleiðslan við Færeyjar er um 60 þúsund tonn, til samanburðar má geta þess að Norðmenn framleiða heima fyrir um 400 þúsund tonn af laxi sem er hátt í helmingur heimsframleiðslunnar.

Önnur þau atriði sem um var spurt á téðum fundi eiga að liggja ljós fyrir en undirritaður er vitaskuld reiðubúinn að svara frekar til um málið eftir því sem nefndin óskar.

Kristinn Hugason, sjávarútvegsráðuneytinu.



Alþingi
Erindi nr. P 127/851
komudagur 25.2.2002

Útgerðarfélag Akureyringa hf
Akureyri Fishing and Processing pic

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 25. febrúar 2002

Efni: **Umsögn varðandi frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar**

Í nágildandi fyrirkomulagi fara tvö ráðuneyti með yfirstjórn allra mála er varða eldi. Til þess að stjórn fiskeldis sé skilvirk og samræmd er brýnt að þessi málaflokkur heyri undir eitt og sama ráðuneyti. Mikilvægt er að stofnanir sem heyra undir sjávarútvegsráðuneyti eins og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Fiskistofa og Hafrannsóknarstofnun komi að ýmsum mikilvægum málum er varða rannsóknir og eftirlit með fiskeldi. Með því að fella þennan málaflokk í heild sinni eingöngu undir sjávarútvegsráðuneytið fengist mun skilvirkari og hagkvæmari stjórn á þessum málum auk þess sem öll yfirsýn yfir þessi mál yrði mun betri en annars yrði.

Virðingarfyllt,

Óttar Már Ingvason
Verkefnisstjóri



VEIÐIMÁLASTJÓRI

Directorate of Freshwater Fisheries

Vagnhöfði 7
110 Reykjavík, Iceland
Sími: 567 6400 • Bréfsími: 567 8850
Netfang: veidimalastjorn@veidimalastjori.is

Alþingi

Erindi nr. P 127/906

komudagur 25. 2. 2002

22. febrúar 2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Hr. Einar K. Guðfinnsson formaður
Alþingishúsinu v/Austurvöll
Reykjavík 150

Varðar frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar (þskj 424)

Undirritaður hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, sem er endurflutt eftir breytingar sem gerðar voru á síðasta ári. Ýmislegt er athugavert við innihald frumvarpsins og þeirrar skipunar, sem lögð er til, varðandi sérstaka stjórnáslu vegna rekstrarleyfa fyrir eldi sjávarfiska, sem verið hefur innan við 2 % af eldisframleiðslu í landinu og því innan við 10 lestir. Jafnframt er lagt til að hið opinbera kosti til 5 milljónum króna vegna útgáfu rekstrarleyfa hjá Fiskistofu, sem verður mjög dýrt á hvert framleitt tonn í umræddum stöðvum.

Umsögnin hér á eftir er tvískipt. Annarsvegar verður fjallað um nauðsyn þess að setja sérstaka stjórnáslu fyrir eldi á sjávarfiskum með tilliti til samræmingar og hagkvæmni en hinsvegar gerðar tillögur um bráðnauðsynlegar breytingar á frumvarpinu ef vilji stendur til að lögleiða það.

Nauðsyn sérstakrar stjórnáslu

Núverandi stjórnásla

Stjórnásla í fiskeldi hér á landi er flókin og er á hendi þriggja aðila. Þar gefa heilbrigðisnefndir sveitarfélaga út starfsleyfi fyrir minni eldisstöðvar en Hollustuvernd ríkisins gefur út starfsleyfi fyrir stöðvar með meira en 200 lesta framleiðslu (sjá mynd, fylgiskjal 1). Starfsleyfi, sem gefin eru út samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ná eingöngu til mengandi þátta í starfseminni. Rekstrarleyfi embættis veiðimálastjóra í samræmi við 62. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum er síðan gefið út, þegar starfsleyfi liggja fyrir, en það nær til vistfræðilegra og sjúkdómstengdra þátta.

Embætti veiðimálastjóra hefur gefið út rekstrarleyfi fyrir eldi á laxfiskum bæði í strandstöðvum og í sjókvíum umhverfis landið. Í samræmi við 68. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði hefur embættið einnig gefið út rekstrarleyfi fyrir eldisstöðvar sem ala lúðu, þorsk og aðra nytjastofna sjávar. Slíkt fyrirkomulag er í samræmi við þá breytingu, sem gerð var á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði árið 1994 (lög nr. 63/1994), sem tók af skarið um það að landbúnaðarráðherra færi með öll fiskeldismál, hvort sem um eldi ferskvatnsfiska eða sjávarfiska væri að ræða. Slíkt er raunar mjög hagkvæmt og skynsamlegt, ekki síst þar sem sjávarfiskar eru í mörgum tilfellum aldri í landstöðvum, sem áður voru nýttar til laxeldis og líklegt er að laxfiskar og nytjastofnar sjávar verði aldri í sömu sjókvíastöðvunum, eins og umsókn Austlax ehf. til Skipulagsstofnunar ber með sér (fylgiskjal 2). Undirritaður telur því mun skynsamlegra að útgáfa rekstrarleyfa og eftirlit með eldisstöðvum sé á einni hendi, einkum vegna samræmingar og yfirsýnar, sem nauðsynlegt er að sé fyrir hendi. Einnig er nauðsynlegt að reglugerðir og aðrar opinberar kröfur séu að mestu samræmdar. Ef um tvo útgefendur rekstrarleyfa er að ræða, verður augljóslega tvíteking í eftirliti og útgáfu reglugerða, sem veldur ruglingi og getur ekki talist þjóðhagslega hagkvæmt.

Auk útgáfu rekstrarleyfa safnar embætti veiðimálastjóra einnig upplýsingum um eldisframleiðslu allra stöðva í landinu og kynnir niðurstöðurnar á heimasíðu sinni www.veidimalastjori.is.

Verndun villtra stofna

Í frumvarpinu er vikið að því að umrætt frumvarp eigi að tryggja verndun villtra nytjastofna. Kvíaeldi á þorski og öðrum sjávarfiskum inni á fjörðum getur hugsanlega haft einhver áhrif á villta nytjastofna sjávarfiska. Hinsvegar er líklegra að slíkt eldi hefði meiri áhrif á sjóbleikju og sjóbirting, sem heldur sig inni á fjörðum að sumarlagi og mundi leita í nágrenni slíkra kvía. Lokanir á fjörðum og aðrar slíkar framkvæmdir mundu einnig fyrst og fremst hafa áhrif á göngufiska, sem þurfa að komast í ár inni á fjörðum til hrygningar. Því er ljóst, að á meðan eldi á sjávarfiskum er stundað annaðhvort í stöðvum á landi eða í eldiskvíum inni á fjörðum verða áhrif eldisins sennilega meiri á hagsmuni veiðiréttareigenda og bænda við sjávarsíðuna heldur en á hagsmuni aðila í sjávarútvegi og villtra nytjastofna í sjó. Út frá þessu sjónarmiði verður að telja eðlilegt að stjórnsýsla í eldi sjávarfiska sé ekki slitin frá eldi göngufiska, sem einnig dvelja langdvölum í sjó og er lax t.d. mjög þekktur fyrir langa gönguferla í sjó.

Niðurstaða

Af því, sem hér hefur komið fram, verður ekki dregin önnur niðurstaða en sú að sérstök stjórnsýsla og eftirlit varðandi sjávarfiska sé ekki tímabær og eingöngu til þess fallin að flækja þá stjórnsýslu sem fyrir er og auka hættu á tvítekingu og ómarkvissum aðgerðum. Þá fjármuni, sem ætlað er að verja til verkefnisins, mætti einnig nýta mun betur.

Rétt er að benda á, að staðsetning á stjórnsýslu og eftirliti innan landbúnaðargeirans, eins og verið hefur, kemur ekki í veg fyrir þróttmikið rannsókn- og þróunarstarf í eldi sjávarfiska hjá Hafrannsóknastofnun og öðrum fyrirtækjum innan sjávarútvegs. Hvort stjórnsýsla í fiskeldi er innan vébanda landbúnaðarráðuneytis eða sjávarútvegsráðuneytis er raunar algjört aukaatriði en meginatriði að halda stjórnsýslunni undir einum hatti til að viðhalda heildarsýn og hagkvæmni varðandi stjórnsýslu, eftirlit og upplýsingar.

Ef hagsmunaaðilar í sjávarútvegi telja að þeir þurfi að hafa meiri áhrif varðandi útgáfu rekstrarleyfa og eftirlit með eldisstöðvum mætti leysa það með því að styrkja fiskeldisnefnd sem samráðsvettvang milli stjórnsýslu- og fagaðila í sjávarútvegi og landbúnaði án þess að tvískipta stjórnsýslunni, eins og hér er lagt til.

Athugasemdir við einstaka greinar

Verði niðurstaða Alþingis sú að veita umræddu frumvarpi brautargengi er nauðsynlegt að gera á því ýmsar breytingar til að auka samræmingu milli leyfisveitenda. Þar eru mikilvægust atriði, sem snerta umsagnir vegna rekstrarleyfa fyrir sjávarfiska og hlutverk fiskeldisnefndar.

Útgáfa rekstrarleyfis (3. gr. 1.mgr.)

Að því er varðar umsagnir til Fiskistofu vegna rekstrarleyfa er jákvætt að hafa Hafrannsóknastofnun sem fagaðila en Hollustuvernd virðist óþörf, þar sem hún hefur þegar afgreitt starfsleyfi fyrir umrædda starfsemi áður en Fiskistofa gefur út rekstrarleyfið auk þess sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga gefa út starfsleyfi fyrir minni háttar starfsemi. Ef Fiskistofa á ekki aðild að fiskeldisnefnd (sjá hér að neðan) er nauðsynlegt að hún fái umsögn frá embætti veiðimálastjóra, sem er eini farvegur fyrir aðila í veiðimálum til að gera athugasemdir við rekstrarleyfi fyrir sjávarfiska. Raunar verður að teljast eðlilegt að fiskeldisnefnd sé samstarfsvettvangur milli aðilanna sem gefa út rekstrarleyfin, þ.e. Fiskistofu og embættis veiðimálastjóra til að tryggja samræmingu, enda var það upprunalegur tilgangur með stofnun nefndarinnar á síðasta ári. Til þess þarf að breyta skipan fiskeldisnefndar.

Fiskeldisnefnd (4. grein)

Æskilegt væri að endurskilgreina hlutverk fiskeldisnefndar bæði í umræddu frumvarpi og í laxveiðilögunum. Upprunalega hugmyndin með stofnun slíkrar nefndar var, að þar yrði samstarfs- og samræmingarvettvangur þeirra aðila sem gæfu út rekstrarleyfi í fiskeldi. Því skyldu sitja í nefndinni fulltrúar landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis, sem á þeim tíma áttu að gefa út rekstrarleyfin. Til aðstoðar yrðu líffræðilegir ráðgjafar. Í meðförum Alþingis á laxveiðilöggjöfinni var embætti veiðimálastjóra falið að gefa út rekstrarleyfi og í þessu frumvarpi er Fiskistofu falið að gefa út rekstrarleyfi fyrir sjávarfiska. Hvorugur þessarra aðila á hinsvegar aðild að fiskeldisnefnd og af þeirri ástæðu situr nefndin í einkonar filabeinsturni án vel skilgreinds hlutverks.

Í ljósi þessa er nauðsynlegt að endurskipuleggja fiskeldisnefnd þannig að í henni sitji fulltrúar stjórnarsýslunnar, þ.e. Fiskistofu og embættis veiðimálastjóra auk líffræðilegra ráðgjafa. Jafnframt þarf að skilgreina það hlutverk nefndarinnar að hún sé samráðs- og samræmingarvettvangur varðandi rekstrarleyfi í fiskeldi. Ljóst er að slíkur samráðsvettvangur væri mjög nytsamlegur til að samræma leyfisveitingar og fyrirbyggja og eyða misskilningi.

Eftirlit (5.gr.)


Greinin er nánast samhljóða sambærilegri grein í lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Eftirlit tveggja aðila með líffræðilegum þáttum í eldistöðvum sundurgreint eftir tegundum er augljóslega óhagkvæmt og ekki ólíklegt að þorskur og lax yrði að hluta til hafður í sömu stöðvunum eins og áður var vikið að. Slík tvítekning í eftirliti er ekki líkleg til vinsælda meðal eldismanna, þar sem eftirlit tveggja opiberra stjórnarsýsluaðila verður þá kostað af eldisaðila samkvæmt gjaldskrá sem annarsvegar er sett af landbúnaðarráðherra og hinsvegar af sjávarútvegsráðherra.


Önnur atriði

Í umræddu frumvarpi er nauðsynlegt að tryggja að allar eldisstöðvar fullnægi skilyrðum 69. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, sem hljómar svo: *“Forráðamenn eldisstöðva, hafbeitarstöðva og kvíaeldis skulu gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi stöðvanna, svo sem framleiðslumagn, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans og önnur atriði sem nauðsynleg þykja”*. Brýnt er að halda allri upplýsingagjöf um framleiðslu á eldisfiski á einni hendi til að tryggja nákvæmni upplýsinganna.

Varðandi eftirlit og afturköllun leyfis(5. -7. grein) eru ákvæði frumvarpsins mjög keimlík ákvæðum laga um lax- og silungsveiði um sambærileg atriði og aðeins vakin athygli á því að um tvítekningu á eftirliti verður að ræða.

Virðingarfyllst


Arni Ísaksson, veiðimálastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 127/956
komudagur 1. 3. 2002

VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 28. 2. 2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
b.t. Ágúst Geir Ágústsson
Alþingi
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar.

Það ber að fagna lagasetninu um eldi sjávardýra. Hér er um að ræða rammalöggjöf sem tekur til almennra þátta. Mesta og lengsta reynsla í fiskeldi er fiskeldi laxfiska sem kveðið er á um í lögum um lax- og silungsveiði. Ýmis konar reynsla þaðan er nýtt í smíði þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar.

Það er ljóst að ákveðið óhagræði er að fiskeldi tilheyrir tveimur ráðuneytum þ.e. sjávardýr tilheyra sjávarútvegsráðuneyti og laxfiskar landbúnaðaráðuneyti. Því er ljóst að fiskeldisnefnd sem kveðið er á um í frumvarpinu og er ætlað að samræma og móta stefnu í fiskeldi fær viðamikið og erfitt hlutverk. Ennfremur er slæmt að tveim aðilar djá um útgáfu rekstrarleyfa og verða með eftirlit með fiskeldi. Það eru Fiskistofa með sjávardýrum og Veiðimálastjóri með laxfiskum. Þessu fylgir mikið óhagræði og spurning hvort þetta ætti ekki að vera á sömu hendi, með því að fela öðru hvoru embættinu eftirlitið eða sameina þau. Þá vekur athygli að 5 milljónir eru ætlaðar Fiskistofu vegna þessa sem er há fjárhæð a.m.k. miðað við fjárveitingar þær sem embætti Veiðimálastjóra eru ætlaðar vegna mun umfangsmeira eldis, eins og staðan er í dag.

Við þetta bætist eftirlit heilbrigðisyfirvalda og sjúkdómayfirvalda. Heilbrigðiseftirlit, eftirlit með mengun og veiting starfsleyfa ætti skýlaust að fela Hollustuvernd án tillits til stærðar stöðva, þar sem heilbrigðisnefndir margra sveitarfélaga valda því hlutverki illa.

Frumvarp þetta er tilraun til að setja almenna löggjöf um fiskeldi og er réttlætanleg sem slík. Það er hins vegar ljóst að talsverð stefnumótunarvinna er eftir í fiskeldi, sem og samræmingarvinna. Til dæmis er brýnt að marka ákveðna stefnu t.d. í rannsóknum,

menntunarmálum og í nýtingu svæða við strendur landsins. Þá þurfa stjórnvöld og opinberar stofnanir að geta stýrt og liðsinnt fiskeldisfyrirtækjum eftir þörfum. Til þess þurfa að vera til skýrar reglur og stefna, sem stöðugt þarf að vera í enduskoðun í ljósi reynslu og nýrrar þekkingar. Því er líklegt að lög um þetta efni þurfi að taka breytingum með þróun fiskeldis á komandi árum.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sigurður Guðjónsson', written in a cursive style.

Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður

Alþingi
Erindi nr. P 127/945
komudagur 28.2.2002



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefndar
b/t Ágústs Geirs Ágústssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2002.

Efni: Frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar (333. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð telur að líklega hefði mátt fækka þeim leyfum sem frumvarpið (og reyndar lög nr. 76/1970) gerir ráð fyrir og einfalda þar með umsóknarferlið fyrir mögulegum rekstraraðilum. Að öðru leyti gerir Verslunarráð ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Signður Ástnildur Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is

Alþingi
Erindi nr. P 127/810
komudagur 20.2.2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS


Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 18. febrúar 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál.

Með frumvarpinu, verði það að lögum, er verið að stuðla að ábyrgu eldi nytjastofna hér við land ásamt verndun villtra nytjastofna. Því skal leitast við að tryggja eins og kostur gæði eldisfiska með það að markmiði að villtum nytjastofnum verði ekki spillt, lífríki þeirra, né hagsmunum þeirra sem þá nýta.


Hér er þörfu máli hreyft, en eins og alkunna er þá eru ekki til neinar heilstæðar reglur sem taka til þessa málaflokks en allt bendir til að hann verði sífellt fyrirferðarmeiri í okkar samfélagi í næstu framtíð. Í ljósi þessa tekur Vélstjórafélag Íslands undir efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!

Borgartúni 18 105 Reykjavík sími: 562 9062 bréfasími: 562 9096
Umboðsskrifstofur: Vesturlandi: Sæbóli 29 350 Grundarfirði sími: 438 6894 Norðurlandi: Skipagötu 14 600 Akureyri sími: 4621870
Suð-Asturlandi: Smárabraut 13 780 Höfn Hornafirði sími: 478 1255
Deildir: Suðurnesjum: Hafnargötu 32 230 Reykjanesbæ Vestfjörðum: Hlíðarstræti 14 415 Bolungarvík
Vestmannaeyjum: Básam Básaskersbryggju 900 Vestmannaeyjum

Alþingi
Erindi nr. P 127/895
komudagur 26.2.2002



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

28. febrúar 2002

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni sjávarútvegsnefndar Alþingis dagsett 8. og 12. febrúar 2002, þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvörp til laga um rannsóknir á þorskeldi, 56. mál og um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál. Hér með fylgja umbeðnar umsagnir.

Virðingarfyllst,

Þórður Friðjónsson,
forstjóri

Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál.

Vaxandi áhugi er nú á fiskeldi hér við land og því mikilvægt að fyrir hendi sé vönduð löggjöf um þau mál. Líklegt má telja að fiskeldi eigi eftir að verða mikilvægur hluti af þjóðarbúskap Íslendinga. Mikilvægt er að móta skýrar reglur um fiskeldi og gæta þar þeirra ýmsu efnahagslegu og umhverfislegu sjónarmiða sem þar skipta máli.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir innheimtu gjalds af eftirliti með fiskeldisstöðvum. Hins vegar er gert ráð fyrir að veiting leyfa til reksturs þeirra verði ókeypis fyrst um sinn. Erlendis er yfirleitt ekki tekið gjald fyrir rekstrarleyfi til fiskeldisfyrirtækja nema til að mæta kostnaði vegna leyfisveitingarinnar. Undantekning er nú orðin varðandi ný rekstrarleyfi fyrir laxeldi í Noregi. Rök fyrir slíku gjaldi eru að ekki sé ótakmarkað magn af heppilegum stöðum fyrir fiskeldi. Þá er rétt að benda á að væntanlega eru einstakir staðir mismunandi heppilegir fyrir rekstur fiskeldis og reikna má með að þeir sem fyrstir sækja um rekstrarleyfi sækja um bestu staðina. Endurgjaldslaus afhending slíkra rekstrarleyfa leiðir oft til harðvítugra deilna um réttmæti slíkra ráðstafana, einkum ef starfsemin verður mjög arðbær eins og laxeldi í Noregi hefur stundum verið.

Alþingi
Erindi nr. P 127/896
komudagur 26.2.2002

Samgöngunefnd Alþingis.

Við hjá Þróunarstofu Austurlands höfum farið yfir drög að framvarpi til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál. Gerum við ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að við teljum að það sé ekki æskilegt að tvö ráðuneyti fari með málið.

Með kveðju,

Elísabet Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri

Þróunarstofa Austurlands

Miðvangi 2

700 Egilsstaðir